

Nýr sumarbústaður við Hreðavatn



Bústaðurinn er reisulegur séður frá veginum.



Veröndin nær hringinn í kringum húsið og að vestanverðu er heitur pottur.

Nafnarnir og frændurnir Sigurbjörn Björnsson formaður orlofsnefndar og Sigurbjörn Sveinsson formaður LÍ með hjónin Hermann Hermannsson og Auði Axelsdóttur á milli sín en fyrirtæki þeirra, Bjálkatekni ehf., byggði bústaðinn.



SNEMMA Í JÚNÍ bauð Læknafélag Íslands til mót-töku að Hreðavatni. Tilefnið var vígsla nýs sumar-bústaðar sem Orlofsnefnd félagsins hefur látið reisa á allstórri lóð sem félagið hefur á leigu norð-an við vatnið. Var það mál manna að þetta ætti eftir að verða eitthvert eftirsóttasta sumarhús sem félagið hefur upp á að bjóða.

Nýi bústaðurinn stendur tæplega 100 metrum vestan við Höfða, eldri bústað félagsins. Hann stendur nokkuð hátt í brekku með óviðjafnanlegt útsýni yfir Hreðavatn til suðurs út um stofugluggann. Umhverfis húsið er 115 fermetra verönd og vestan til á henni heitur pottur.

Húsið er finnst að uppruna og úr bjálkum en flutt inn og reist af fyrirtækinu Bjálkatekni ehf. Það er um 80 fermetrar að stærð, þrjú svefnherbergi, eldhús, stofa, baðherbergi og geymsla. Á veröndinni ætti alltaf að vera hægt að finna skjól einhvers staðar, svo sem til að grilla.

Það mun því ekki væsa um lækna og fylgdarlið þeirra sem dvelja í þessu húsi um ókomna tíð. Húsið er þegar komið í útleigu. **-PH**



Bústaðnum bærust gjafir við vígsluna, þar á meðal raka-tæki frá byggjendunum og barómeter frá stjórni LÍ sem formaðurinn er hér að búa sig undir að afhenda.



Þótt bústaðurinn sé glæsilegur á alla lund slær hann ekki við útsýninu sem blasir við úr stoflugluggunum. Hér er Hreðavatn í allri sinni dýrð. Myndir: Sigurjón Sigurðsson, Sigríður Haraldsdóttir og –PH.

Verðlaunaveiting á lyflæknaþingi

Á ÞINGI FÉLAGS íslenskra lyflækna sem haldið er annað hvert ár hefur skapast sú hefð að veita verðlaun fyrir góða rannsóknarvinnu og framsetningu niðurstaðna. Tilgangurinn með þeim er að hvetja lyflækna til dáða og örva rannsóknir íslenskra lækna en slík verðlaun geta reynst aðstoðarlæknum og stúdendum afar mikilvæg þegar þeir sækjast eftir framhaldsnámi við bestu læknskóla í útlöndum.

Á 15. þinginu sem haldið var á Ísafirði dagana 7.-9. júní voru veitt þrenn verðlaun. Félag íslenskra lyflækna veitti verðlaun fyrir besta veggspjaldið en þau hlutu **Brynja Gunnlaugsdóttir** og **Björn Rúnar Lúðvíksson**. Veggspjaldið bar númerið V18 og heitið *Næmi áður óþekkt forstigs CD4+/CD45RA+ T-frumna fyrir bæliáhrifum TGF-β1*.

Þá veitti Vísindasjóður lyflækningadeildar Landspítala tvenn verðlaun. Önnur eru fyrir besta framlag aðstoðarlækis og hlaut þau **Sædis Sævarsdóttir** fyrir erindi E31 *Framskeyggn rannsókn á byrjandi iktýki bendir til að sjúklingar með lágt mannósa bindilektín fái verri sjúkdóm*. Hún var reyndar einnig höfundur að erindi E32.

Hin verðlaunin voru veitt fyrir besta framlag stúdents en þau komu í hlut **Steinunnar Þórðardóttur** fyrir erindið E21 *Áhrif þátta sem trufla eða viðhalda himnuspennu hvatbera á steraframleiðslu Leydigfrumna*. Steinunn átti einnig hlut að erindi E26.

Dómnefnd þingsins var skipuð Rafni Benediktssyni dósent sem var formaður og Guðmundi Þorgeirssyni prófessor. Við mat á verkefnunum höfðu þeir meðal annars eftirfarandi til hliðsjónar:

- nýnæmi verkefnisins,
- hversu vel væri leyst úr rannsóknarspurningunni, það er hversu vel rannsóknin væri byggð upp til þess að gera gefið svar sem væri bæði satt og rétt,
- hlutverk og þáttur höfundar eða flytjanda í rannsóknavinnunni sjálfri,
- framsaga og framsetning verkefnisins á þinginu og hversu góða innsýn og vald á verkefninu flytjandinn hefði,
- mikilvægi spurningarinnar sem rannsóknin væri hönnuð til að svara og tengsl hennar við klínísku lyflækisfræði
- rannsóknarvirkni kandiðatsins.